AUGLÝSING

um verðjöfnunargjald á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu verðjöfnunargjald af súkkulaði, brauði, kexi og kökum í samræmi við upptalningu tollskrárnúmera í neðangreindri gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á sem krónur á kíló. Þó skal samanlagður tollur og verðjöfnunargjald aldrei vera hærra en 46% af tollverði vöru í vöruliðum 1806 og 1901, og aldrei hærra en 37% af tollverði vöru í vörulið 1905.

Tollskrárnúmer	kr/kg	Tollskrárnúmer	kr/kg
1806.2009	54	1901.2018	7
1806.3101	59	1901.2019	5
1806.3109	59	1901.2022	52
1806.3202	54	1901.2029	67
1806.3203	24	1905.2000	47
1806.3209	24	1905.3011	20
1806.9002	20	1905.3019	18
1806.9003	55	1905.3021	49
1806.9005	61	1905.3029	27
1806.9006	55	1905.3030	13
1806.9007	54	1905.4000	23
1806.9009	54	1905.9011	61
1901.2012	32	1905.9019	7
1901.2013	23	1905.9020	5
1901.2014	49	1905.9040	52
1901.2015	13	1905.9090	67
1901.2016	23	2104.1003	4
1901.2017	61	2104.1004	4

2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um völuflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningar og innheimtu verðjöfnunargjalds skulu ákvæði laga nr. 55/1987, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu verðjöfnunargjalds samkvæmt þessari auglýsingu og standa skil á því í ríkissjóð eftir fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Fjármálaráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu gjalda skv. 1. gr., enda innihaldi vara engin eða óverulegt magn af hráefnum sem verðjafna á fyrir.

5. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 120. gr. A tollalaga nr. 55/1987, sbr. lög nr. 18/1993, gildir frá 1. febrúar til 30. apríl 1994. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 3/1994.

Fjármálaráðuneytið, 31. janúar 1994.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.